

LÖG

um breytingu á lögum um búnaðargjald, nr. 84 frá 26. maí 1997,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Að lokinni álagningu ár hvert skal ríkisskattstjóri láta Bændasamtökum Íslands í té skrá um greiðendur búnaðargjalds eftir sveitarfélögum þar sem fram komi af hvaða búgreinum hver og einn hefur greitt. Skrána er samtökunum aðeins heimilt að nota til að sinna lögbundnum verkefnum sínum og þjónustu við bændur. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að skránni. Einstakir greiðendur gjaldsins geta andmælt því við ríkisskattstjóra að nöfn þeirra verði birt í skránni, enda liggja til þess lögmætar ástæður eða sérstakar aðstæður að mati ríkisskattstjóra.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt í samræmi við viðauka við lög þessi, sbr. þó 3. mgr.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögum fellur brott.

4. gr.

Viðauki við lög in orðast svo:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Lánasjóður					Alls
	Bændasamtök Íslands	Búnaðar-sambönd	Búgreina-samtök	Bjargráða-sjóður	landbún-aðarins	
Nautgripaafurðir	0,40	0,50	0,10	0,15	0,85	2,00
Sauðfjárafurðir	0,40	0,50	0,15	0,15	0,80	2,00
Hrossaafurðir	0,40	0,50	0,55	0,05	0,50	2,00
Svínaafurðir	0,20	0,15	0,85	0,30	0,50	2,00
Alifuglakjöt	0,20	0,15	0,20	0,95	0,50	2,00
Egg	0,25	0,15	0,90	0,20	0,50	2,00
Kartöflur, rófur	0,45	0,45	0,45	0,15	0,50	2,00
Grænmeti, blóm	0,45	0,45	0,75	-	0,35	2,00
Grávara	0,75	0,15	0,60	-	0,50	2,00
Æðardúnn	0,55	0,35	0,45	0,15	0,50	2,00
Skógarafurðir	0,50	0,15	0,80	0,05	0,50	2,00

5. gr.

Breyting á lögum nr. 59/2002, um breytingu á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald, með síðari breytingum.

Í stað orðsins „búvörugjalds“ í 3. og 4. másl. 5. gr. laganna kemur: búnaðargjalds.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun fyrirframgreiðslu á árinu 2003 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2004 vegna búvöruframleiðslu á árinu 2003.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.